

Nd.

56. Nefndarátt

um frv. til laga um lækkun á aðflutningsgjaldi af kolum og salti.

Frá fjárhagsnefnd.

Með lögum nr. 13, 12. ágúst 1919, var aðflutningsgjald af salti ákveðið 8 kr. af smálest hverri, en vörutollur, sem samkvæmt vörutollslögunum ber að greiða af salti, feldur niður, og skyldi við svo búið standa, uns upp væri unninn »halli sá, er stafar af saltkaupum landsstjórnar vegna styrjaldarinnar«, en lög þessi, frá 12. ágúst 1919, falla úr gildi við næstu áramót eftir það, að upp væri unninn þessi halli. En samkvæmt brjefi fjármálaráðherra til nefndarinnar, dags. 24. f. m., nam tapið á saltinu, sem hjer um ræðir, kr. 499936,84, og hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að það tap muni þegar upp unnið, og hafa verið það fyrir síðustu áramót.

Á árinu 1919, eftir að 8 króna gjaldið var í lög leitt, eða frá 12. ágúst til ársloka, fluttust inn 14938 smál. af salti og á árinu 1920 30986 smál. Nefndin hefir ekki fengið skýrslur um allan saltinnflutninginn á árinu 1921, en til Reykjavíkur og nokkurra annara lögsagnarumdæma, sem skýrslur hafa borist úr, hafa á því ári verið fluttar inn um 19000 smál. Skýrslur vantar úr Barðastrandarsýslu, Strandasýslu, Eyjafjarðarsýslu, Múlasýslum, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfirði og Vestmannaeyjum, og má því telja vafalaust, að saltinnflutningur til landsins hafi að minsta kosti verið ekki minni á því ári en næsta ár á undan, eða um 31 þús. smál. Hafa þá flutst til landsins um 77 þús. smál. af salti síðan 8 króna gjaldið var lögleitt og til ársloka 1921, svo að umrælt tap á saltkaupum landsstjórnarinnar hefir verið ríflega upp unnið við síðustu áramót. Að vísu var gjaldið lækkað um 5 kr. á smál. með bráðabirgðalögum frá 12. nóv. s. l., en það skiftir litlu, því að tiltölulega lítið mun hafa verið flutt inn af salti það sem eftir var ársins.

Nefndin leyfir sjer því að leggja það til, að salttollshækkunin öll verði úr gildi numin frá næstu mánaðamótum, en úr því greiðist aðflutningsgjald af salti samkvæmt vörutollslögunum.

Um kolatollinn er öðru máli að gegna. Tapið á kolakaupum landsstjórnarinnar í lok styrjaldarinnar nam kr. 988040,70. Til þess að vinna upp tap þetta var með lögum nr. 27, 28. nóv. 1919, heimilað að leggja 10 kr. aðflutningsgjald á kolasmálest hverja, er til landsins flyttist, uns hallinn væri upp unninn, alveg á sama hátt og um saltið, og gekk þessi hækkun kolatollsins í gildi 12. jan. 1920. Á því ári, úr því til ársloka, voru fluttar inn um 42 þús. smál. af kolum. Skýrslur vantar um innflutninginn á árinu 1921, eins og um saltinnflutninginn, en jafnvel þó að hann hefði orðið nokkru meiri en á árinu 1920, hlýtur talsvert að hafa vantað á, að hallinn væri upp unninn við síðustu áramót.

Nefndinni er það ljóst, að kolatollurinn hefir verið allþungur skattur á botnvörpuskipaútgerðinni, enda kunnugt, að útgerðarmenn botnvörpuskipa fóru þess á leit við landsstjórnina á síðastl. hausti, að aðflutningsgjaldið yrði lækkað bæði á kolum og salti, og í samráði við þá ákvað stjórnin að lækka kolatollinn

um hælming. Verður nefndin að telja þá ráðstöfun fyllilega rjettmæta, sakir erfiðleika þeirra, sem útgerðin á nú við að stríða, og virðist að minsta kosti nokkrum nefndarmönnum jafnvel álitamál, hvort ekki bæri að fara enn lengra og fella einnig nú þegar úr gildi löginn um hækkun kolatollsins. Sú varð þó niðurstaða nefndarinnar, að láta við svo búid standa þetta árið, en víst má telja, að tapið á kolunum verði upp unnið fyrir næstu áramót, og eiga löginn þá að sjálfsgöðu að falla úr gildi og aðflutningsgjald af kolum úr því að greiðast samkvæmt vörutollslögunum.

Nefndin leggur því til, að frumvarp stjórnarinnar verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

Aðflutningsgjald af kolum skal vera 5 krónur af smálest til ársloka 1922, en úr því greiðist aðflutningsgjald af kolum samkvæmt vörutollslögunum. Aðflutningsgjald af salti skal vera 3 krónur af smálest til 31. mars 1922, en frá þeim degi greiðist aðflutningsgjald af salti samkvæmt vörutollslögunum.

2. 2. gr. frumvarpsins orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 2. mars 1922.

M. J. Kristjánsson,
formaður.

Jón A. Jónsson,
fundaskrifari.

Jón Baldvinsson.

Þorl. Guðmundsson.

Jakob Möller,
framsögumaður.